

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar –Apríl 2019

Skráð atvinnuleysi var 3,7 % í apríl

Skráð atvinnuleysi í apríl mældist 3,7% og jókst talsvert eða um 0,5 prósentustig frá mars en áhrifa gjaldþrots WOW gætir verulega í atvinnuleysistölum aprílmánaðar.

Að jafnaði voru 6.803 einstaklingar á atvinnuleysisskrá í apríl og fjölgaði þeim um 841 frá mars. Atvinnuleysi hefur ekki verið meira síðan í apríl 2014 þegar það mældist 4,1%. Alls voru 2.612 fleiri á atvinnuleysisskrá í apríl 2019 en í sama mánuði í fyrra.

Alls voru 3.733 karlar að jafnaði atvinnulausir í apríl og 3.070 konur og var atvinnuleysi 3,6% meðal karla og 3,8% meðal kvenna. Atvinnuleysi jókst um 0,4 prósentustig milli mánaða hjá körlum og 0,5 prósentustig hjá konum.

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi muni minnka í maí vegna áhrifa árstíðarsveiflu og verða á bilinu 3,4% til 3,6%.

Í apríl tóku 1.245 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Flestir, eða 434 einstaklingar, fóru í ýmiss konar grunnúrræði.

Alls fóru 806 einstaklingar af skrá í aprílmánuði, þar af fóru 445 í vinnu eða um 55%.

Alls komu inn 209 ný störf sem auglýst voru í vinnu- miðlun hjá Vinnumálastofnun í apríl. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest sérfræði-, stjórnunar- og skrifstofustörf eða 65 störf.


Í apríl gaf Vinnumálastofnun út 149 atvinnuleyfi til útlandinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 76 til nýrra útlandinga á íslenskum vinnumarkaði og 73 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 26 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í apríl 2019 með samtals 144 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra, samtals 927 í apríl á vegum 25 starfsmannaleiga.

Alls voru 2.499 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok apríl eða um 34% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 7,1% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Skráð atvinnuleysi frá apríl 2017 til apríl 2019




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í apríl og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í apríl mældist eins og fyrr segir 3,7% og voru að jafnaði 6.803 einstaklingar á atvinnuleysis-skrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 841 á atvinnuleysis-skrá frá mars. Alls voru í apríl 2.612 fleiri á atvinnuleysis-skrá en í apríl 2018.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í apríl eða 6,4% og jókst um 1 prósentustig frá fyrra mánuði. Atvinnuleysið var 3,9% á höfuðborgarsvæðinu og jókst þar um 0,6 prósentustig. Atvinnuleysið minnkaði mest á Austurlandi eða um 0,3 prósentustig, en einnig minnkaði atvinnuleysi lítilsháttar á Norðurlandi vestra og eystra. Alls voru 3.733 karlar að jafnaði atvinnulausir í apríl og 3.070 konur og var atvinnuleysi 3,6% meðal karla og 3,8% meðal kvenna.

Alls voru 860 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok apríl í ár sem samsvarar um 2,8% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur

fjölgað um 293 frá apríl 2018 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 567. Fjölgun atvinnulausra frá mars 2019 var mest meðal fólks frá 25 til 54 ára þar sem atvinnulausum fjölgaði að jafnaði um 6,5% milli mánaða. Fjölgunin var minni meðal þeirra elstu og lítilsháttar fækkun var meðal fólks innan við 25 ára aldurinn.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 1.225 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok apríl en voru 922 í apríllök 2018. Hefur þeim því fjölgað um 303 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra var 16,9% af öllum á atvinnuleysis-skrá í apríl 2019 en rúm 20% í apríl árið 2018. Fjölgun atvinnulausra í mars og apríl skýrir lægra hlutfall langtímaatvinnulausra. Þá fjölgar þeim sem verið hafa atvinnulausir í 6-12 mánuði nokkuð skart bæði í mars og apríl, sem er vísbending um að erfiðara hefur verið fyrir þá sem hafa misst vinnu síðustu mánuði að finna sér nýja vinnu.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum fjölgaði í öllum atvinnugreinum í apríl 2019 frá apríl 2018. Mest var fjölgunin í ýmsri sérhæfðri þjónustu og er þar einkum um að ræða sérhæfða ferðatengda þjónustustarfsemi, og svo í flutningastarfsemi, sem endurspeglar gjaldþrot WOW og fækkun tengdra starfa. Minnsta aukning atvinnulausra var í störfum tengdum landbúnaði og fiskveiðum sem og í opinberri þjónustu (fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu).

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

1.884 milljónir í apríl

Par af voru:

1.705 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.


126 milljónir vegna barnadagpeninga.

53 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum mest meðal véla- og vél-gæslufólks frá apríl 2018, í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum og meðal sérmenntaðra. Ef horft er á fjölgunina milli mars og apríl 2019 þá fjölgaði atvinnulausum mest í hópi stjórnenda og því næst sérmenntaðra, en einnig meðal fólks í sérfræðistörfum og í ýmsum þjónustustörfum en mun minna eða ekki í öðrum starfsstéttum.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 2.499 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok apríl eða um 34% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 7,1% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Þetta er nokkur aukning frá apríl 2018 þegar hlutfall atvinnulausra erlendra ríkisborgara var um 30% allra atvinnulausra.



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá komu frá Póllandi eða 1.370, sem er um 55% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok apríl 2019



Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi muni minnka í maí vegna ársíðarsveiflu og verða á bilinu 3,4% til 3,6%.

Þjónusta við atvinnuleitendur

Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa


Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 806 einstaklingur af skrá í aprílmánuði, þar af fóru 445 í vinnu eða um 55%. Þá voru 258 (32%) einstaklingar afskráðir því þeir drógu umsókn til baka eða staðfestu ekki atvinnuleit í lok apríl. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, t.d. voru 35 einstaklingar afskráðir vegna óvinnufærni, 17 einstaklingar fóru í fæðingarorlof og 7 fluttu úr landi.

Hlutfallslega afskráðust fleiri karlar en konur í mars, 57% voru karlar en 43% konur. Um 83% afskráðra eða 670 manns höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár og 10% (78) í 6 til 12 mánuði. Um 7% afskráðra (58) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár.

Ástæða þess að fólk fór af atvinnuleysisrá í apríl 2019



Hlutfallslega voru flestir afskráðra í aldurshópnum 18-29 ára eða 41%. Um 26% voru 30-39 ára og 17% 50 ára eða eldri. Fæstir afskráðra voru í aldurshópnum 40-49 ára eða 16%.

Auglýst störf í vinnumiðlun í apríl

Alls komu inn 209 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í apríl. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest sérfræði-, stjórnunar- og skrifstofustörf eða 65 störf. Þá voru auglýst 50 störf verkafólks í þjónustu og 36 störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og tengdum greinum. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 66%. Annað er átaksverkefni, reynsluráðning eða störf fyrir fatlaða. Flest þessara starfa eða 42% eru á höfuðborgarsvæðinu, 17% á Norðurlandi eystra og 16% á Suðurlandi. Þá voru 25% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	65	31%
Þjónustustörf	19	9%
Afgreiðslustörf	6	3%
Iðnaðarmenn	33	16%
Verkafólk í þjónustu	50	24%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	36	17%
Samtals	209	100%


Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara þá af skrá tímabundið á meðan á úrræðinu stendur.

Í apríl tóku 1.245 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Flestir, eða 434 einstaklingar, fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá fór 441 einstaklingur á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en nokkrir fóru á tölvu- og bókhaldsnámskeið eða önnur starfstengd námskeið. Þá voru 135 einstaklingar skráðir

í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 27 einstaklingar voru í endurhæfingarúrræðum.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í




apríl unnu 39 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 90 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja og stofnana.

Loks voru 79 einstaklingur með vinnusamning öryrkja eða önnur sértæk úrræði í apríl. Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem hafa ráðið fólk með skerta starfsgetu til starfa. Þeim samningum er ætlað að auka tækifæri atvinnuleitenda með skerta starfsgetu til að ráða sig í vinnu á almennum markaði.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í apríl voru gefin út 148 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Er það um það bil 114% aukning frá fyrri mánuði. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 82 einstaklingar, 11 einstaklingar fóru til Þýskalands og átta fóru til Lettlands. Þá voru gefin út 47 vottorð til viðbótar til 19 annarra ríkja. Í


Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES-ríki, apríl 2019



apríl kom einn einstaklingur til landsins í atvinnuleit með slíkt vottorð frá öðru EES-ríki.

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í apríl var gefið út 61 U1 vottorð. Líkt og oftast áður voru flest vottorðin gefin út til Póllands (19), 11 vottorð voru gefin út til Tékklands og 7 til Litháen. Þau sem eftir standa, eða 24 vottorð, voru gefin út til 10 annarra ríkja.

Útflutt réttindi í atvinnuleysisstryggingakerfinu eftir löndum, apríl 2019




Útlendingar

Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í apríl gaf Vinnumálastofnun út 149 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 76 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 73 leyfi voru framlengd.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í apríl 2019




Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í apríl, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðipekkingar eða 38 leyfi. Þá voru gefin út 26 leyfi vegna skorts á vinnuafli og 25 leyfi vegna íþróttafólks. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í apríl eru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræðipekkingar eða sérmenntunar (42%). Um 28% vegna þjónustustarfa og 13% vegna starfa verkafólks í fiskvinnslu og iðnaði og skyldum greinum.

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 26 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í apríl 2019 með samtals 144 starfsmenn. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra, samtals 927 í apríl á vegum 25 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga koma frá Póllandi eða 63%, 21% er frá Lítháen og 6% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa, eða um 10% starfsmanna, koma frá 10 öðrum ríkjum.

Atvinnuleyfi eftir starfsgreinum í apríl



- Sérfræðingar/sérmenntun
- Þjónustustörf
- Sölu- og afgr. störf
- Verkafólk
- Iðnaðarmenn

ÁBYRGÐASJÓÐUR
LAUNA GREIDDI

56 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota
20 fyrirtækja í apríl.

FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR
GREIDDI

1.111 milljónir apríl

til 4.360 foreldra

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra